



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ægisborg

2020 – 2021



Börnin á Bárudeild og Öldudeild leik og skapa með segulkubba

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Greinargerð leikskólastjóra	3
1 Innra mat	7
1.1 Innra mat Kots	7
1.2 Innra mat Fjörudeildar	10
1.3 Innra mat Bárudeildar	14
1.4 Innra mat Öldudeildar	16
1.5 Innra mat sérkennslu	19
2 Ytra mat	22
3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	23
4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	25
5 Foreldrasamvinna	26
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
7 Fylgigögn	28
7.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	28





Leiðarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er menntandi umhyggja höfð að leiðarljósi og þess kappkostað að leikur, gleði og virðing einkenni skólabraginn.

Greinargerð leikskólastjóra

Það var fyrir þrettán árum að ég var um það bil að taka við stöðu leikskólastjóra í Ægisborg. Ég var full tilhlökkunar og líka þínu kvíðin. Nú stend ég í svipuðum sporum við starfslok mín í Ægisborg, full tilhlökkunar en einnig þínu kvíðin. Svona er lífið eilíf hringrás.



Sigrún kveður í lok máí

Í stuttu máli má segja að árin mín í Ægisborg hafi líðið ótrúlega fljótt og margs er að minnast. Hér hefur verið gaman og erilsamt, álagið stundum flókið og yfirpyrmandi, en það sem upp úr stendur og skiptir sköpum er að ég hef verið mjög lánsöm með samstarfsfólki. Í Ægisborg hafa starfað með mér margir leikskólakennarar sem ýmist hófu störf árið 2007 eins og ég eða bættust síðar í hópinn. Að öllum öðrum ólöstuðum þá hefur samstarf okkar Ása aðstoðarleikskólastjóra verið mjög farsælt og hvergi borið skugga á öll þessi ár. Saman hefur okkur tekist að halda utan um starfið með metnað og leikgleði í fyrirrúmi.

Ægisborgarsamfélagið hefur stækkað og eflst jafn og þétt og viðkvæðið er að það er mikill heiður að geta kallað sig Ægisborgara. Um það geta börnin og fjölskyldur þeirra vitnað. Samskiptin við foreldra og aðra fjölskyldumeðlimi hafa alla jafna verið traust og afar og ömmur oft verið okkur sérlega kærkomin. Bréfaskriftir barna, dagbókarskrif, ferilmöppur o.fl. sem tengja heimili og skóla eru lifandi vitnisburður um góða samvinnu og virkt lærdómssamfélag.



Á síðustu þrettán árum hafa Ægisborgarar tekið þátt í nokkrum þróunarverkefnum og fjórum sinnum hlotið hvatningarverðlaun. Þátttaka í þróunarverkefnum og sú viðurkenning og athygli sem fæst með hvatningarverðlaunum hefur hvetjandi áhrif á starfið og styrkir liðsheild og fagmennsku kennara.

Í Ægisborg hafa ratað margir góðir gestir í áranna rás. Hingað hafa komið starfsmannahópar leikskóla til að fræðast um starfið okkar auk þess sem við höfum tekið á móti gestum frá löndum eins og t.d. Japan, Ástralíu, Noregi, Bretlandi svo nokkrir hópar séu nefndir. Við höfum líka fengið tvo menntamálaráðherra í heimsókn, nú síðast kom Lilja Alfreðsdóttir til að eiga samtál við okkur um skólamál og líðan í og eftir COVID.

Húsið, lóðin og ytri umbúnaður eru verkefni leikskólastjóra ekki síður en að vera faglegur leiðtogi, starfsmannastjóri, húsörður og margt fleira. Það er gott að sjá að eftir langa lægð kreppunnar 2008 er smám saman verið að bæta úr viðhaldi. Leiksvæðið er langt komið í endurnýjun og byrjað er að endurnýja innanstokksmuni. En betur má ef duga skal. Þrengsli há Ægisborg og of mörg börn eru um rýmið. Með færri börnum í rými dregur mikið úr árekstrum og fleiri börn fá rödd. Þetta hafa leikskólakennarar sagt árum saman, en það sannaðist nú í verkfalli og veirufaraldri, þegar til langs tíma voru færri börn hverju sinni. Starfsaðstæður kennara eru lélegar í Ægisborg og vandséð hvernig hægt er að bæta úr nema með fækkun barna, viðbyggingu/tengibyggingu eða hreinlega nýjum skóla. Ægisborg er barn síns tíma, sem fyrir löngu er búin að sprengja af sér húsnæðið miðað við nútímakröfur um skóla og vinnuumhverfi.

Leikskólastjórastarfið er einstaklega fjölbreytt og fram undan eru mörg skemmtileg verkefni í Ægisborg. Menntastefna Reykjavíkur þar sem unnið er að framtíðarsýninni að láta drauma rætast, með því að efla sjálfsefningu, auka félagsfærni, styðja við sköpun og læsi og heilbrigði, eru verðug verkefni sem munu umlykja allt skólastarfið næstu árin. Leiðarljósinn miða hvort tveggja að börnunum sem virkum þátttakendum og starfsfólki með fagmennsku og samstarf í öndvegi. Menntastefnan nær til 2030 og gefur sá tími lærdómssamfélaginu gott tækifæri á að afla sér fræðslu, prófa nýjar leiðir, rýna til gagns og þróast á jákvæðan og uppbyggilegan máta.

Síðasti vetur í Ægisborg hefur verið ólíkur öllum öðrum, sér í lagi eftir áramót. Haustið 2019 var farið af stað í vinnu með sjálfsefningu og félagsfærni að hluta til í samstafi við Grandaborg og Gullborg. Kennarar frá menntafyrirtækinu KVAN héldu utan um fræðslu sem hófst á sameiginlegum skipulagsdegi leikskólanna þriggja í september 2019. Síðan fólst fræðslan í því að Vanda Sigurgeirsdóttir heimsótti skólana hvern fyrir sig í tvö skipti og unnu starfsmenn verkefni á milli. Einnig buðu leikskólarnir foreldrum upp á fyrirlestur með Vöndu sem því miður örfáir nýttu sér.



Haustið 2019 var að mestu hefðbundið. Eftir sumarlokun var aftur hægt að nota allan garðinn en frá því í maí var helmingur garðsins girtur af vegna framkvæmda. Framkvæmdir í garðinum gengu að mestu leyti samkvæmt áætlun og nú í lok maí 2020 stendur til að ráðast í seinni hlutann.

Nokkuð vel gekk að ráða starfsfólk fyrir utan eina stöðu í afleysingu, sem nokkrir starfsmenn prófuðu þar til tókst að festa einn starfsmann eftir miðjan nóvember. Í vetur hefur leikskólinn verið vel mannaður eins og alla jafna og kom það ekki síst í ljós þegar 2020 gekk í garð með verkföll og veiru. Ég tel að starfshópurinn í Ægisborg sé sérlega vel samsettur. Hópurinn myndar sterka liðsheild sem svo sannarlega hefur skipt sköpum í þeim óvenjulegu verkefnum sem við höfum fengið í fangið. Fagmennska og virðing, umhyggja, æðruleysi og vandvirkni eru orð sem lýsa hópnum og vona ég svo sannarlega að þessi gildi ríki áfram í Ægisborg. Því þrátt fyrir erfiðleika sem árið hefur borið með sér hefur líka margt jákvætt lítið dagsins ljós og fólk hefur fundið styrk sinn og stolt, samstöðu og gildi þess að leggja lið þegar hörmungar ríða yfir.

Ég vil að lokum þakka fyrir að fá að vera leikskólastjóri í Ægisborg í 13 ár. Það var áskorun fyrir mig að taka við þessu starfi en ég sé ekki eftir einni mínútu. Ég geng sátt og stolt út í næsta kafla lífs míns og óska Auði Ævarsdóttur nýjum leikskólastjóra og öllum í lærdómssamfélagi Ægisborgar alls velfarnaðar. Hver veit hvar við sjáumst næst 😊



Leikskólastjóraskipti 1. júní 2020

Greinargerð leikskólastjóra II

Heil og sæl

Í framhaldi af pistli fráfarandi leikskólastjóra, Sigrúnu Birgisdóttur, verð ég að segja að það er heiður að fá að taka við hennar starfi sem leikskólastjóri í Ægisborg. Ég, Auður Ævarsdóttir, hef starfað sem leikskólastjóri í Ægisborg í 6 vikur þegar þetta er skrifað. Ekki er hægt að segja annað en að sá tími lofi

góðu um framhaldið. Hér er vinalegur leikskólabragur og fagmennska sem skilar sér til ánægðra barna í Ægisborg.

Helstu verkefni á næsta starfsári í Ægisborg er að byggja á því góða starfi sem unnið er nú þegar og þróa starfið áfram með áherslu á menntastefnu Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega sjálfsefningu. Leikskólinn fékk þróunarstyrk annað árið í röð frá Reykjavíkurborg til að efla þann þátt. Á síðasta starfsári var unnið með menntafyrirtækinu KVAN, en starfsfólk fór á námskeið og fékk fræðslu sem nýtist vel til að efla börnin og styrkja hópana félagslega. Fyrirhugað var að fara í námsferð til Berlínar í ágúst (2020) á vegum KVAN en búið er að fresta ferðinni til apríl 2021.

Í sumarbyrjun hóf Ægisborg samstarf við Háskóla Íslands, RannUng (Rannsóknarstofu ungra barna) og þrjá aðra leikskóla. Verkefnið ber yfirskriftina *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*. Markmiðið með samstarfinu er að efla lærdómssamfélag og fagmennsku með því að ígrunda eigið starf og starfshætti í ljósi menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áhersla er á nám í gegn um leik og vel ígrunduð og styðjandi samskipti. Háskóli Íslands kemur að verkefninu í formi stuðnings, fyrirlestrum, umræðum, heimsóknnum og söfnun gagna. Með þessu tókum við þátt í að skapa nýja þekkingu í skólasamfélaginu.

Starfsaðstæður starfsfólks í Ægisborg eru bágbornar og munum við stjórnendur vinna eftir fremsta megni að fá bætt úr þeim á komandi starfsári. Þrengsli eru mikil og þrengir hvort tveggja að eldhúsi og starfi og leik barnanna. Undirbúningsaðstaða, fundaraðstaða og kaffistofa starfsfólks er af skorum skammti miðað við það skipulag sem er í dag. Við höfum lagt til breytingar á skipulagi á húsnæði sem kæmi til með að færa aðstöðuna til hins betra. En betur má ef duga skal og í framtíðinni þarf að huga að varnlegu og góðu húsnæði með fyrirtaks aðstöðu fyrir börn og fullorðna í Ægisborg.



Elstu börnin heimsóttu Hvalasafnið í útskriftarferðinni

1 Innra mat

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi. Hér á eftir fara greinagerðir deildarstjóra Ægisborgar og hafa ber í huga að formlegra mat vetrarins t.d. í matshópum hefur ekki farið fram vegna óviðráðanlegra orsaka. Fella þurfti niður skipulagsdag í maí sem var ætlaður sérstaklega til matsins, en segja má að ef sá matsdagur hefði lánast hefði matið samt orðið í skötulíki, þar sem seinnipart var ekki unnt að fylgja áætlun.

1.1 Innra mat Kots

Í Kotinu voru 19 börn, 10 voru frá fyrra ári og 9 ný byrjuðu í aðlögun í ágúst. Aðlögun nýrra barna gekk vel en kynjaskiptingin var ansi ójöfn, það voru átta drengir og ein stúlka. Aldurshóparnir voru þrír; 5 börn fædd 2016, 11 börn fædd 2017 og 3 börn fædd 2018.

Börnunum var skipt í fjóra hópa og fékk hver sinn hópstjóra. Ætlunin var að vinna með hópana eins og árið áður, þ.e. eldri hóparnir tveir myndu vinna saman og svo þeir yngri. Það gekk ekki sem skyldi hvað varðar yngri hópinn. Það kom fljótlega í ljós að við höfðum fengið hóp af mjög virkum einstaklingum, sem áttu erfitt með að fara eftir stífum ramma (okkar dagskipulagi) og þurftum við að aðlaga okkur að því. Þess vegna voru ekki fastir hópastarfstímar með þeim heldur litlir leikhópar með u.þ.b. 3-4 börnum. Önnur verkefni, s.s. fyrir ferilmöppu, voru unnin meira með þeim þegar gafst góð stund. Skipulagt hópastarf með eldri börnunum byrjaði í september eins og ráðgert var.

Eins og alltaf fær leikurinn góðan tíma í dagskipulaginu. En það reyndi á þolinmæði og úthald hjá kennurum að koma þeim skilaboðum til yngri hópsins; að það að skiptast á og sýna vináttu og samkennd væri gott veganesti út í lífið. En auðvitað hafa þau lært og þroskast í vetur og verða tilbúin að taka á móti nýjum áskorunum í haust. Þau fóru einnig í könnunarleik einu sinni í viku fyrir áramót. Eldri börnin eru mjög frjó í sínum leik og gaman að fylgjast með þeim og þeirra samskiptum. Hlutverkaleikur og þá sérstaklega heimilis- og snyrtileikur, hefur verið áberandi í vetur og svo leikur með nýju duplo kubbana okkar.



Við höfum farið í KR einu sinni í viku. Í ár fóru tíu börn úr Kotinu ásamt tveimur kennurum. Að fara í KR er stór áfangi hjá börnunum, þau fá sinn KR-félaga og þurfa að passa upp á hann þegar gengið er á milli. Þegar þangað er komið er brýnt fyrir börnunum að við séum gestir og þurfum því að haga okkur samkvæmt því. Vera kurteis, bjóða góðan dag og ganga vel um skóhillur o.fl. Við lærum líka að klæða okkur úr og í og ganga vel frá fötunum okkar. En KR tímarnir eru þó aðalega skemmtilegar samverustundir við leik og lærdóm fyrir börn og kennara. Miklar framfarir er hægt að sjá frá hausti til vors í þori, seiglu og hugrekki. En best er að sjá tilhlökkun og gleði í augum barnanna þegar þau spyrja (oft í viku): „Er KR í dag?“. Yngri hópurinn hefur farið í hreyfingu inn í sal einu sinni í viku. Þar er hægt að fá útrás fyrir hreyfipörf sína og gera ýmsar æfingar, t.d. klifra í rimlunum, hanga í hringjum, leika með bolta, hreyfa sig eftir tónlist o.fl. Þá er útiveran nýtt til hreyfingar þar sem þá þarf ekki að takmarka hlaupaþörf barnanna eins og inni ☺



Upphitun fyrir Ægisborgarhlaupið

Skipulagðar samverustundir eru tvær yfir daginn. Fyrir hádegismat er söngstund og þá er einnig oft lesið og/eða börnin segja frá hvað þau hafa verið að bralla í útiveru, nú eða eitthvað annað sem þeim liggur á hjarta. Eftir síðdegishressingu er svo lestrarstund, þá er börnunum skipt upp eftir aldri og lesnar bækur við hæfi hvors hóps. Það tók nokkurn tíma að þjálfari yngri hópinna að sitja og hlusta og gott var þegar við gátum skipt honum í tvo hópa, því sum voru komin mun lengra en önnur. Börnin í eldri hóp eru eins og ryksugur á bækur/hlustun og eru oft lesnar 3 – 5 bækur í sögustund. Þá hafa eldri börnin verið að æfa sig í sögugerð, þau semja sögur og myndskreyta. Sögurnar eru svo settar saman í bók þannig að þau eiga sögur eftir sig og vini sína eftir veturinn. Yngri börnin gerðu bók um lítalagið sem var þeirra uppáhaldslag í vetur. Þar var fléttað saman ritmáli, myndmáli og fingramálningu.

Í vetur höfum við verið að vinna með sjálfseflingu barna í Ægisborg. Hún á m.a. að felast í því að barnið öðlist trú á eigin getu og læri að þekkja styrkleika sína. Til að minna okkur á þetta setum við orð eins og t.d. „sjálfstraust - trú á eigin getu - þrautseigja“ upp á vegg og fylgdumst með þegar börnin voru í leik og máttum hvort gæfist tilefni til að opna umræðu um þessi hugtök. Í þessu verkefni hefur verið unnið með KVAN, en við fengum sameiginlegan fyrirlestur með Granda- og Gullborg og svo sér fyrir okkur í Ægisborg. Þetta hefur stutt starfið og gefið okkur fleiri verkfæri í vinnu með börnunum.



Vettvangsferð Krókóðilahóps í Hljómskálagarðinn

Í haust kveðja tíu börn Kotið og fara á Bárudeild. En hvað segja þau um hvað hafa þau hafa lært og hvað skemmtilegt var að fást við í Kotinu:

- Að klæða mig sjálf og að lesa og teikna
- Að leika mér og lita. Að læra að skrifa setningu
- Að mála og leika
- Að leika við alla og læra að fara ekki í leikskólann þegar það er helgarfrí
- Að teikna- að kubba- að knúsa
- Ég er góð í búningaleik og leika við krakkana, ég er góð að hlaupa
- Að lesa og leika
- Að skoða bók og púsla og hjálpa pabba mínum

Mat á umbótaáætlun 2019-2020

Í umbótaáætlun fyrir liðinn vetur átti m.a. að leggja áherslu á vettvangsferðir og útinám. Það gekk ágætlega með eldri hópinn. Við fórum í haustlitaferð og unnum úr henni þegar heim var komið. Þá var farið á bókasafn, í góða göngutúra um hverfið, fjöruna og fleira. Yngri hópurinn fór lítið fyrir áramót þar sem hann var bara góður innan lóðarmarka. Á vorönn var svo hægt að fara með fá börn úr yngri hópnum í fjöruferð. Ekki tókst að uppfylla markmiðið með að börnin ættu skráningu um útiverkefni svo það fer aftur inn í næstu umbótaáætlun. Numicon-stærðfræðikubbarnir eru oft teknir fram og leikið með en kannski oftast af sumum en öðrum.



Kots börnin kanna nærumhverfi Ægisborgar

Umbótaáætlun Kots fyrir 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám 	Að notfæra okkur útináms-verkefnin	Nota nærumhverfið við verkefna-vinnu	Leikskóla-kennari	Sept-okt	Maí-júní	Hver hópstjóri velur eitt verkefni sem hann undirbýr og ber ábyrgð á.	Með skráningum í ferilmöppu
Starfsáætlun 2020-2021 	Að hún sé betur sýnileg	Starfsfólk hvatt til að lesa hana og hún svo höfð með á deildar fundum	Deildarstjóri	Sept	Júní	Stöðufundir á deildarfundum í nóvember og júní	Að hægt sé að sjá við mat á umbótaáætlun næsta árs

1.2 Innra mat Fjörudeildar

Skólaárið 2019–2020 voru 19 börn á Fjörudeild. Mikil endurnýjun var á deildinni þetta haustið, það voru einungis fjögur börn frá fyrra skólaári eftir þegar aðlögun var lokið. Það orsakaðist m.a. af því að mörg börn fluttu í önnur hverfi eða sveitarfélög. Þetta hafði áhrif og tók tíma fram eftir hausti. Aðlögunin var sett á þrjár dagsetningar, en fleiri bættust við áður en yfir lauk.

Að lokinni aðlögun voru þrír árgangar á deildinni, í þeim voru tvö börn fædd 2016, tólf fædd 2017 og fimm 2018. Um miðjan október, miðjan desember og í lok desember urðu breytingar þegar fleiri börn hættu vegna flutninga. Haustönnin og fram á nýárið einkenndist af aðlögun og aðhlynningu. Eftir það tók við alveg nýr tími sem ég kem að hér síðar.

Aðlögun barna og foreldra gekk vel, sum börnin voru fljót að aðlagast á meðan önnur þurftu lengri tíma og meira utanumhald. Aðlaganir sem stóðu fram eftir vetri fóru misjafnlega í börnin og kom það helst fram í óróleika sem myndaðist við þessar aðstæður og á eftir. Mikið var lagt upp úr því að kenna börnunum á nýjar aðstæður, hlúa að þeim, veita öryggi og notalega upplifun. Að veita góða og menntandi umhyggju er leiðarljós í starfi Ægisborgar.



Listsköpun á Fjörudeild

Hefðbundið starf, s.s. val hófst í septemberbyrjun og leikhópar/hópastarf í október. Í leikhópum var börnunum skipt í þrjá hópa eftir aldri og var einn umsjónarkennari/starfsmaður með hvern hóp. Á sama tíma var einn starfsmaður á lausu og sá hann um sérverkefni með börnunum, tók þau til sín eitt og eitt í einu. Börnin voru tvisvar í viku eina klukkustund í senn í leikhópum. Eftir aðlögun í janúar urðu hóparnir fjórir. Í leikhópum voru t.d. hlutverkaleikir, s.s. heimilisleikur, læknisleikur, snyrtileikur, búningaleikur og dúkkuleikur og eru þeir ávallt vinsælir. Einnig er Könnunarleikurinn mjög vinsæll, en í honum er notuð verðlaus efni. Börnin eru mjög dugleg að prófa sig áfram með efniviðinn og oft setja þau upp hina ýmsu hlutverkaleiki. Einnig var kubbað, málað og púslað svo eitthvað sé nefnt. Stærðfræðin er fléttuð inn í leikinn og í samveru- og söngstundum. Bæði með samræðum og efniviði.

Frjálsi leikurinn fær alltaf mikið rými bæði innan hópastarfsins og í valinu en hann er höfuðprýði Ægisborgar og á Fjörudeild er hann í fyrirrúmi, ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Frjálsi leikurinn hefur blómstrað og þróast mikið. Í félags- og þykjustuleikjum læra börnin samkennd og vináttu, að greina rétt frá röngu og deila með öðrum. Þau læra að lesa í umhverfið og aðstæður hverju sinni.

Í vali er börnunum skipt í þrjá til fjóra hópa þrisvar í viku og eru þeir oftast en ekki aldursblandaðir allt eftir því hvað hver og einn velur að gera. Börnin velja oftast eftir viðfangsefni, en þó kemur fyrir að þau eldri velji það sem vinurinn valdi. Eldri börnin eru gjarnan fyrirmyndir þeirra yngri og geta einnig aðstoðað þau í leiknum.

Elstu börnin fóru í íþróttatíma í KR upp úr miðjum janúar og fóru einu sinni í viku fram að samkomubanni og gekk vel. Þar var ýmislegt gert sem þurfti bæði hugrekki og þor til og jókst kjarkurinn í hvert skipti. Í íþróttatímum vorum við með kennurum og börnum úr Kotinu og var glatt á hjalla við æfingar og leik. Hreyfing veitir útrás og vellíðan, auk þess að stuðla að heilbrigðara lífi og ýta undir vitund um gildi hreyfingar. Í útiverunni skapast góðar stundir fyrir útrás, til leiks og hreyfingar. Á vorönninni er farið í ævintýraferðir sem er góð viðbót við útiveru og íþróttatíma, t.d. á bókasafn, í fjöru og leiksvæði í nærumhverfinu.

Samverustundir eru tvær til þrjár á dag. Alla daga er lesið og sungið og oft eru sagðar sögur, farið í leiki eða



Vinnusemi í Ægisborg

dansað. Einnig eru bréf sem koma að heiman lesin og ávallt er gaman og upphefð að fá að sitja hjá kennaranum á meðan, bæta við frásögnina ef þau geta og sýna hinum bréfið á eftir. Börnin hafa um það að segja hvað er í boði eða gert, t.d. í leikhóp og vali og þá þarf að komast að samkomulagi. Börnin gátu einnig haft áhrif á uppákomudaga, t.d. eins og búninga-, nestis-, dóta- og bangsadaga. Þau eldri gátu óskað eftir því munnlega, en þau yngri mættu t.d. með eitthvað af þessu í skólann og þannig komu þau sínum óskum á framfæri. Með lýðræði styrkjum við börnin til virkari þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Í öllu og alls staðar er hvatt og ýtt undir sjálfshjálp barnanna, t.d. í matmálstímum, fataherberginu og á snyrtingunni. Börnin eru dugleg að reyna og gera sjálf. Við hvert skref eflist sjálfstraust þeirra. Lífið á Fjörudeild hefur einkennst af leik, gleði og umhyggju. Að tilheyra stórum hópi og þekkja sjálfan sig, vera virkur þátttakandi, hlæja saman og læra að bera virðingu fyrir skoðunum og líðan annarra er hverjum einstaklingi mikilvægt. Byrja að treysta og móta vináttuböndin á unga aldri er undirbúningur fyrir vináttu framtíðarinnar.

Eins og allir vita var stutt liðið á árið 2020 þegar verkfall setti mark sitt á skólastarfið. Það reyndi á alla, börn, foreldra og okkur starfsfólkið ekki síst vegna skipulagsmála og hvað mætti og hvað ekki. Þegar við gátum loksins fagnað verkfallslokum og allt hófst á nýjan leik, birtust óveðurský á lofti. Eftir nokkra venjulega daga í skólanum varð ljóst að sú veira sem að okkur sótti væri þess eðlis að breyta þyrfti öllu starfinu. Á auka skipulagsdegi sem ákveðinn var til að ígrunda skólastarfið með þessa vá í huga var leitað í verkfallsskipulagið sem hjálpaði mikið við hve skjótt og vel gekk að aðlaga sig hinu nýja skólaumhverfi. „Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott“.



Ægisborgarar halda í gamlar hefðir og hér eru Fjörukots börn á þorablóti

Mat og umbótaáætlun skólaárið 2019 – 2020.

Segja má að það hafi tekist nokkuð vel að vinna að þeim þrem þáttum sem settir voru upp skólaárið 2019 – 2020, þrátt fyrir fordæmalaus tíma.

Samræming milli deilda, þ.e. þess sem ákveðið var að gera og var gert varðandi flutning á milli, gekk alveg hundraðprosent upp. *Stærðfræðin* fléttaðist ágætlega inn í leik og starf, en e.t.v. með öðrum

hætti en áætlað var vegna þess hve börnin á deildinni voru ung þetta skólaárið. *Deildarfundir* fóru seinna af stað en áætlað var vegna aðlögunar sem tók langan tíma. Þeir voru einnig færri, en það má rekja til utanaðkomandi þátta eins og verkfalls og COVID-19.

Í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár verður áfram lögð áhersla á *stærðfræðina*, hvort tveggja efniviðinn og að flétta henni enn frekar inn í leikinn. *Útinám*, en ætlunin er að koma upp þemakössum sem þægilegt er að taka með út fyrir skólann. *Sjálfsþingin* er eitt af því sem við ætlum að taka sérstaklega fyrir úr menntastefnunni og markmiðið er að barnið hafi sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu. Æfa færni og hegðun.

Takk fyrir gott og skemmtilegt samstarf kæru börn, foreldrar og samstarfsfólk, við mjög svo sérstakar aðstæður sem einkenndu líf okkar drjúgan tíma af skólaárinu. ☺

Kristín E. Sveinbjörnsdóttir deildarstjóri á Fjörudeild.

Hvað lærir þú í leikskólanum?

„Úti“.
„Róla“.
„Ekki ég“.
„Leika úti“.
„Bara leika“.
„Ég hoppa“.
„Bíl, babúbíl“.
„Syngja hjólin á strætó“.
„Verkfæri, borvél, bora“.
„Leika, lesa, lita, standa á höndum“.
„Syngja, Gagnamagnið, úti, leika, ég líka læra róla“.
„Lita, leika með læknisdótið og dúkkurnar og Könnunardótið“.
„Fara í búninga. Fara út að leika. Horfa á bíó, Frozen bíó. Lita“.



Bókagerð á Fjörudeild



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfséfling	Að barnið hafi sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu.	Með samvinnu- og hjálparleikjum. Æfa færni/hegðun.	Skólaárið 2020 - 2021	Deildarstjóri	Með reglulegum matsaðferðum úr „Verkfærakistu fyrir leikskóla“.	Matslistar bornir saman og rætt um einstök börn.
Útinám	Nota útinámsverkefni, þemakassa.	Fara út fyrir leikskólalóðina, þ.e. í nærumhverfið.	Mar. – maí 2021	Deildarstjóri	Á deildarfundi. Vor 2020.	Er allur efniviður tiltækur, þ.e. þemakassar og aðgengilegir til notkunar.
Stærðfræði	Efla stærðfræði vitund barnanna og virkja allt starfsfólk.	Bæta stærðfræðiefnið í leikinn/starfið, s.s. tölustöfum, púslum og teningum (telja hluti).	Skólaárið 2020 – 2021.	Deildarstjóri	Á deildarfundi. Vor 2020.	Með skráningum.

1.3 Innra mat Bárudeildar

Á Bárudeild voru 19 börn í vetur; sex fædd 2015 og 13 fædd 2016. Kynjaskiptinginn var jöfn: tíu stelpur og níu strákar. Tvö börn hófu sinn annan vetur á Bárudeild, 1 barn kom nýtt inn og 16 börn komu af yngri deildum Ægisborgar. Um áramót fluttust tvö börn yfir á Öldudeild, eitt barn kom úr öðrum leikskóla og eitt barn var flutt af Fjörudeild. Börnin á deildinni voru ung og á þeim forsendum var þeim skipt í þrjá hópa í hópastarfinu.

Um haustið urðu starfsmannabreytingar á deildinni og nýr deildarstjóri tók við deildinni sem er að feta sín fyrstu spor í því hlutverki en með mikla reynslu af leikskólastarfi.

Samverustundum var fjölgað í þrjár á dag í stað tveggja og voru styttri en áður. Það var mikið lesið og skrafað og mörg bréfin sem bárust frá börnunum lesin fyrir hópinn. Það var umtalað í húsinu hve börnin á Bárudeild voru dugleg að leika sér og virtust þau alltaf getað fundið farveg fyrir leikinn sinn. Óvenju mörg börn höfðu áhuga á byggingarleikjum, púslum og spilum en



Bárudeild fór í Húsdýragarðinn

minna um listræna einstaklinga með sterka sköpunarþörf. Það gat því verið krefjandi að fá sum þessara barna í samstarf um listsköpun svo vel væri. Þó náðust allir þeir stóru hjallar sem stefnt var að í listsköpun, s.s. jólagjafir og sjálfsmyndir fyrir og eftir áramót.

Börnin hafa fengið að ráða heilmiklu um starfið í vetur og hefur verið reynt að elta þeirra áhugasvið og láta þau ráða för. Þannig upplifa þau að þau séu virkir þátttakendur í leikskólalífinu en ekki gestir í sínu eigin umhverfi. Það leikefni sem lítið sem ekkert var valið fékk því hvíld á háaloftinu hjá búálfinum og annað dregið fram og gefið nýtt líf.

KR-ferðir voru farnar tvisvar í viku fram eftir vetri og gafst það ágætlega. Í mars dattu þær þó alveg út vegna COVID-19. Við viljum endurskoða hvort það sé nóg að fara í KR ferðirnar á Bárudeild einu sinni í viku í staðin fyrir tvisvar en það fer annars mikill tími í ferðirnar sem væri hægt að nýta í annað leikskólastarf. Lagt er til að farið verði einu sinni í viku fyrir áramót og svo endurmetið hvort ferðum verði fjölgað í tvær á viku eftir áramót.

Flæði með Öldudeild þar sem börnin beggja deilda flæða um vesturenda hússins kom vel út og börnin nutu þess að leika sér með eldri félögum og með annað leikefni, í lengri lotum en aðra daga.

Salurinn gæti nýst Bárudeild betur og telur deildarstjóri það einfalt verkefni og vert að skoða hvort salurinn fengi þá að vera Bárudeildar á þeim tímum sem Öldudeild væri í KR.



Bárudeild í KR

Á síðasta starfsári voru einkennilegir tímar vegna verkfalls Eflingarstarfsmanna, Covid-19 og ýmissa annara aðstæðna sem komu upp. Hægt er að segja að það hafi haft áhrif á deildina og barnahópinn.

Diljá Agnarsdóttir, deildarstjóri Bárudeildar í afleysingum veturinn 2019-2020

Umbótaáætlun Bárudeildar 2020-2021

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Dagbók	Að skrifa í dagbókina eftir hvern dag	Festa dagbókar- skrif inn í dagskipulag.	Hefst strax og lýkur aldrei.	Deildarstjóri	Desember. Skoða dagbókina	Að dagbókin verði með a.m.k. þremur færslum eftir hverja viku.
Hvíld	Að gera hvíldina að notalegri stund.	Lesi meira, meiri agi og skýrari reglur.	Sept-maí	Deildarstjóri	Deildarfund í október. Ræða hvíldina.	Að börnin kvarti ekki undan hvað hvíldin sé löng og erfið.
Syngja meira	Að börnin kunni að syngja fleiri lög.	Velja lög í upphafi tímabils og gera sýni- legan lista.	Hefst strax og lýkur aldrei.	Deildarstjóri	Deildarfund í október.	Að börnin geti sungið sér til gagns eftir veturinn.
Mennta- stefna	Gera hana sýnilegri á deildinni og vinna markvissar með hana.	Setja upp myndrænt finerí og vinna eftir punktunum.	Sept-maí	Deildarstjóri	Deildarfund í janúar.	Að börnin þekki aðal hugtökin í menntastefnunni.

1.4 Innra mat Öldudeildar

Í haust voru 22 börn á Öldudeild. 14 þeirra fædd 2014 og 8 fædd 2015. Seinni part ársins skipti eitt barn um skóla og annað flutti úr landi eftir áramót. Tveir bættust þá við hópinn af Bárudeild og voru þá 13 börn fædd 2014 og 9 fædd 2015. 12 drengir og 10 stúlkur. Aðlögun á milli deilda gekk vonum framar, en við fylgdum áætlun sem við höfðum útbúið.

Í vetur var hópastarfinu skipt í tvo hópa. Eldri árgangurinn er í Hvalahóp og sá yngri í Hákarlahóp. Þessi nöfn hópanna hafa fest sig í sessi á Öldudeild og þrátt fyrir að umræða um hópanöfn sé tekin á hverju hausti vill enginn breyta þeim. Hópastarf hefur verið einu sinni í viku í vetur. Oftast var annar hópurinn úti að leika á meðan hinn var inni í hópastarfi. Þannig fékk sá hópur sem var í hópastarfi meira næði og rými til að vinna verkefnin sín. Við höfum reynt að hafa sjálfsefningu sem oftast í huga í vinnunni með börnunum í vetur.

Flæði á milli Öldu- og Bárudeildar fór áfram fram einu sinni í viku eins og síðustu misseri og er mikil ánægja með þetta fyrirkomulag, hvort tveggja hjá börnum og kennurum. Þá hafa börnin kost á að

flakka á milli deildanna og velja sér leikefni. Við höfum stundum gripið til þess að brjóta upp hvernig rýmið er vanalega notað og sett t.d. verðlaust efni, teikna á renning o.fl. í salinn og það hefur gefist vel. Við fórum líka í KR tvisvar í viku eins og er fastur liður í Ægisborg.

Í dagskipulaginu á Öldudeild í vetur hefur val verið á morgnana, skipulagt starf fyrir hádegi og svo frjáls leikur og flæði seinni partinn. Þegar leið á veturinn var ákveðið að ekki mætti skipta í vali nema einhver sérstök ástæða væri til þess. Þá reyndi á börnin að vanda valið, hugsa sig vel um og taka svolitla ábyrgð á valinu sínu. Það þótti okkur ríma við sjálfsefningar vinnuna okkar. Í frjálsa tímanum réði sannkallað perluæði ríkjum, en mjög margir nutu sín við þessa iðju. Kennarar prentuðu út mynstur til að perla eftir og þegar þau voru orðin nokkuð fær að fylgja þeim voru eigin mynstur útfærð og margar skemmtilegar fígúrir fæddust. Þarna reynir á marga þætti í einu, t.d. fínhreyfingar, stærðfræði og þrautseigju. Þetta var líka kærkomið æði fyrir alla, þar sem það skapaðist mikil ró hjá börnunum við að sitja og perla. Eftir síðdegishressingu er vanalega komið saman í samverustund. Þar er ýmist lesið, sagðar sögur, sungið eða dregin fram bréf úr póstkassanum. Bréfin hefur ekki vantað í vetur. Þegar búið er að lesa bréfin hafa þau verið hengd upp á vegg þar sem allir geta skoðað. Sá sem kom með bréfið situr svo fyrir svörum því tengdu, en börnin rétta þá upp hönd og bíða eftir að þau fái að spyrja. Fyrir nokkru var okkur gefin ekta frumbyggja talfjöður frá Ameríku. Nú höfum við þann háttinn á að sá sem heldur á talfjöðrinni má spyrja og hún er látin ganga. Þá fá allir jöfn tækifæri til að spyrja og hvetur þau sem spyrja sjaldan að láta vaða.



Samvinna á Öldudeild

Vettvangsferðir eru líka fastir liðir í starfinu í Ægisborg. Í upphafi skólaársins, stungum við þeirri hugmynd að foreldrum að við hefðum jafnvel áhuga á að heimsækja þeirra vinnustaði, ef kostur væri á. Við fengum heimboð á Alpingi, sem vakti mikla lukku meðal barna og kennara. Heimsóknin var fræðandi og skemmtilegt að koma inn á þennan heimsfræga stað. Við ætluðum líka á jólasögustund í Borgarbókasafninu en urðum frá að víkja vegna þess að strætó var fullur af fólki. Þetta gerðist tvisvar í vetur en við reyndum að gera gott úr ferðinni, úr því að allir voru klæddir og komnir út. Börnin stungu upp á að fara á bókasafnið á Eiðistorgi í staðinn. Hér kom í ljós hversu sveigjanleg börnin geta verið og breytt vonbrigðum í eitthvað jákvætt. Við vorum dugleg að heimsækja rólóvelli í nágrenninu þegar útisvæðið var ekki í boði fyrir deildina og fórum m.a. í bangsagönguferðir, þar sem við leituðum að böngsum í gluggum Vesturbæjar og unnum verkefni því tengdu. Við stefnum svo á að vera dugleg að fara í vettvangsferðir í sumar.

Samstarfsverkefni á milli Grandaskóla, Ægis-, Gull- og Grandaborgar var með aðeins öðru sniði en áður hefur verið. Leikskólarnir heimsóttu skólalóðir hvers annars og Grandaskóli bauð okkur í bókasafnsheimsókn og að sjá hinn árlega jólahelgileik. Á döfinni er svo önnur heimsókn í Grandaskóla þar sem hópurinn fær að vera með í frímínútum og í kennslustund. Við söknuðum að fá ekki nemendur úr fyrsta bekk í heimsókn í Ægisborg og að gera sameiginlegt verkefni eins og áður hefur verið, en vonum að það verði hægt næst.

Við fórum í nokkur skipti í hringekju í vetur. Tilgangur hennar er að brjóta upp hópinn þannig að ólíkir einstaklingar eru settir saman í hóp og fá þannig tækifæri til að kynnast. Einnig eru verkefni og leikefni fyrir fram ákveðin af kennara. Í stað þess að velja handahófskennt í hópa, völdu kennarar í hópana með samsetningu í huga. Þannig að hóparnir innihalda einstaklinga sem hefðu jafnvel gott af því að kynnast betur og einnig til að minnka líkur á árekstrum innan hópsins. Hér gafst gott tækifæri til að vinna með sjálfsefninguna, þar sem við fórum t.d. í samvinnuleiki. Börnunum var mörgum ýtt út fyrir þægindarammann sinn og var þetta áskorun fyrir suma og lærdómsríkt. Eitthvað sem við viljum halda áfram að vinna með og þróa.

Til að lífga upp á starfið höfðum við t.d. búningadag á allraheilagramessu, dótadag og blótuðum Þorrann eins og vanalega. Vegna óviðráðanlegra ástæðna tvískiptum við öskudagsballinu. Það þótti til bóta, þar sem börnin höfðu meira rými og gátu jafnvel fengið fleiri tækifæri til að slá í tunnuna. Þessar óviðráðanlegu ástæður hafa kennt okkur margt um okkur sjálf og hvað við getum. Sumum viðburðum þurfti að aflýsa eða fresta en alltaf var skilningur á því. Þegar lífið hóf aftur sinn vana gang var strax hafist handa við undirbúning útskriftar og verkefna tengdum henni. Þar lagði Hvalahópur sig allan fram við gerðar kvikmyndar, sem voru skemmtilegir en annasamir tímar. Afrakstur þeirrar vinnu er í það minnsta glæsilegur að okkar mati. Útskriftin sjálf var löguð að aðstæðum og var hún haldin í Ægisborg, þar sem salurinn í Tjörn var ekki í boði í þetta skiptið. Veðurguðirnir voru með okkur í liði og við gátum þess vegna boðið foreldrum og verið utandyra. Almenn ánægja var meðal barna og fullorðinna með daginn og gott þótti okkur að geta sýnt myndina góðu í þremur hollum.



Sköpun og spjall á Öldudeild

Á umbótaáætlun deildarinnar kom fram að fyrirhugað var að skipta hópnum í tvennt í samverustundum, svo meiri ró skapaðist og börnin fengju betur notið stundanna. Við prófuðum að breyta uppröðun í innri stofu deildarinnar. Kennarar röðuðu börnunum upp á nýtt í sæti og hafa

Samverustundirnar gengið mun betur, svo ekki þótt tilefni til að skipta hópnum í tvo. Markviss málörvun var ekki á dagskrá nema að litlu leyti. Hún var ekki nógu rækilega fest í dagskipulaginu og þar er þörf á úrbótum. Við höfum verið dugleg við að grípa tækifæri í daglegu starfi til að auka við hljóðkerfisvitund barnanna. T.d. við matarborðið, í samverustundum og laumað í leikinn. Nokkur eldri barnanna eru nú þegar orðin ágætlega læs. Bókastundir eru í daglegu skipulagi og það er alltaf í boði að setjast niður með bók eða eitthvert lesefni. Jafningjar hafa frætt hver annan um hvað standi hér og þar og saman stafa þau sig í gegnum bækurnar, sem hefur verið skemmtilegt að fylgjast með.

María Halldóra Jónsdóttir, deildarstjóri Öldudeildar

Umbótaáætlun Öldudeildar 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið og aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling	Vinna markvisst með sjálfsfellingu	Nýtum þau gögn sem við höfum fengið frá KVAN	Deildarstjóri	Haust 2020	Júní 2021	Matlisti úr verkfærakistu fylltur út í byrjun tímabils og í lokin	Niðurstöður matsins séu góðar út frá matslistanum
Að verða réttindaleikskóli UNICEF	Að Ægisborg verði réttindaleikskóli UNICEF	Förum í gegnum það ferli sem þarf til	Deildarstjóri Sérkennslustjóri	Haust 2020	Maí 2021	Verðum réttindaleikskóli UNICEF	Ægisborg fái viðurkenningu og fána.
Markviss málörvun	Halda henni áfram, hún er fróðleg og skemmtileg	Hafa hana 1-2x í viku	Deildarstjóri	Sept. 2020	Maí 2021	Var eða var ekki	Að MM hafi verið reglulega. Talið í dagbók.
Hringekja	Börnin kynnist hvert öðru, leikefni og svæðum.	Búa til hópa og hafa hringekju í a.m.k. tvo umganga	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 2020	Maí 2021	Var eða var ekki	Að við höfðum hringekju í 2 umganga.

1.5 Innra mat sérkennslu

Síðastliðinn vetur er búin að vera mjög sérstakur, áhugaverður, lærdómsríkur og fjölbreyttur.

Verkefni sérkennslunnar hverju sinni helgast af þeim börnum sem eru í leikskólanum og þurfa



sérkennslu. Á vordögum voru u.þ.b. 20 tímar í skilgreindri sérkennslu hvern dag og skiptust milli fjögurra barna. Verkefni voru margvísleg, meðal annars vöktun á 45 mínútna fresti vegna bráðalvarlegs sjúkdóms, einstaklingsvinna og hjálp í hóp með jafnöldrum. Tveir kennarar sinntu sérkennslunni auk sérkennslustjórans.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir börnin í samráði við foreldra og deildarstjóra. Unnið var eftir aðferðum atferlisþjálfunar með tveimur börnum. Stuðst var við færnimatið ABLL'S með tveimur öðrum. Einnig er færnimatið AEPS notað fyrir nokkur börn. Námskráin fylgir börnunum á milli deilda og síðan í grunnskólann ef þurfa þykir. Við gerum einnig málþroskamát fyrir börnin sem eru orðin rúmlega 3ja ára. Við notum einnig EFI2 færnimatið þegar þarf. Nokkur börn þurftu sérstaka málörvun sem fór fram í fyrir fram ákveðnum málörvunartímum, svo og við allar aðstæður í starfi leikskólans.

Sérkennarar fylgja þeim börnum inn á deild sem þurfa sérstaka kennslu. Þau sem geta ekki nýtt sér samveru með félögum sínum fá kennslu í minni hópum eða í einstaklingskennslu.

- Í vetur höfum við haft vinnustundir þar sem unnið var m.a., með sjálfsefningu, tilfinningar, líðan, samkennd og virðingu. Hvíldartímar voru vel nýttir til málörvunar.
- Við höfum einnig unnið með foreldrum og kennurum nokkurra barna. Félagsfærnisögur eru notaðar til að auka færni þeirra barna við ýmsar aðstæður sem þau þurfa.
- Við fylgdum sérkennslubörnunum m.a. á bókasafnið, í vettvangsferðir og skólaheimsóknir í Grandaskóla sem er samstarfsskóli Ægisborgar.

Sérkennslan vinnur náið með foreldrum og þeim sérfræðingum sem við getum leitað til. Nokkrum börnum hefur verið vísað áfram til frekari athugunar.

Teymisfundir eru með foreldrum þeirra barna sem hafa sérkennslutíma. Þennan vetur hafa Bjarnveig Magnúsdóttir sérkennsluráðgjafi og Guðrún J. Rafnsdóttir hegðunarráðgjafi, fylgt eftir nokkrum börnum. Auk þess sem Íris Dögg Rúnarsdóttir og Sigríður Eir Guðmundsdóttir talmeinafræðingar hafa



Öskudagsgleðin "kötturinn slegin úr tunnunni"

veitt sérkennurum, foreldrum og kennurum ráðgjöf.

Samvinna var líka við Heilsugæslu Seltjarnarnes og María Huld Ingólfsdóttir nýr sálfræðingur kom og hitti hér börn og foreldra. Við nýttum okkur tæknina og funduðum í gegnum fjarfundabúnað þegar ekki var hægt að hittast með eðlilegum hætti.

Sérkennslustjóri og deildarstjóri elstu deildar funduðu með deildarstjórum sérkennslu þeirra grunnskóla sem börnin fara í að hausti.

Við höfum haft það að okkar leiðarljósi að sérkennslubörnin eru fyrst fremst Ægisborgarar og vinnum sem mest inni á deild við eðlilegar leikaðstæður barnsins.

Ekki náðum við að ráða fram úr öllum þáttum umbótaáætlunar 2019-2020. Við fórum t.a.m. ekki á þau námskeið sem við höfðum hugsað okkur hjá Greiningarstöð. Það býður betri tíma. Í samstarfi við deildarstjóra fylgðum við börnum sem fóru á milli deilda og þurftu aðstoð. Við kynntum okkur nýjustu smáforritin í sérkennslu bæði í Ipad og tölvunni. Aukinn áhugi kennara og færni skilar sér í vinnu til barnanna.


Umbótaþáttur/- Matsþáttur	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Símenntun	Kynna sér villulaust nám. Námskeið hjá Greiningarstöð	Sérkennslustjóri og sérkennari	Haustið 2020-	2021	Hvort farið sé á námskeiðið	Nýti þekkinguna í vinnu með barni/börnum.
Fundargerðir	Fundargerðir gerðar aðgengilegar fyrir alla kennara deilda.	Sérkennslustjóri	Haustið 2020	Vor 2021	Athugað hvort funda- gerðir séu aðgengilegar	Kennarar deilda hafi aðgang að fundargerðum.
Markvissari skráningar	Dagbók	Sérkennarar	Haust 2020	Vor 2021	Vinnustundir skráðar	Einstaklings- skráningar.
Fundir með deildarstjórum Einu sinni í mánuði	Betri samvinna og upplýsingastreymi	Sérkennslustjóri	Haust 2020	Vor 2021	Fundir taldir	Að fundir hafi farið fram a.m.k. mánaðarlega.
Skráning á máltöku 2ja – 5 ára barna	TRAS námskeið hjá HÍ	Sérkennslustjóri	Haust 2020	Vor 2020	Námskeið sótt/ósótt	Þekkingin nýtt með barni/börnum.



2 Ytra mat

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2020 og má segja að engin breyting hafi orðið milli ára, þar sem heildartala Ægisborgar er sú sama og árið áður, eða 4,17. Nokkuð var þó um hreyfingu milli þátta eins og meðfylgjandi mynd sýnir glögg:

Meðalskor þátta og breyting á milli áráanna 2019 og 2020



Skjáskot af helstu breytingum í starfsmannakönnun 2020. Græni depillinn sem merktur er með bláu x-i er hástökkvari ársins, en það er sveigjanleiki í starfi, sem hækkaði um tæp 0,5 stig milli ára. Sá þáttur sem best kom út og er merktur með rauðu y-i, er markmið og árangur -og hafði þó dalað eilítið milli ára.

Ef rýnt er í niðurstöðurnar má sjá að *vinnuástaðan* er enn á ný lakasti þáttur Ægisborgar en *hæfilegt vinnuálag* og *starfsmannastöðugleiki* er einnig gullir þættir. Það er því virkileg þörf á úrbótum í starfsumhverfi, enda hafa þetta verið lægstu þættir Ægisborgar könnun eftir könnun. Nú eru hugmyndir um að breyta deildum og skipulagi skólans í þá veru að færa starfsmannaaðstöðuna út í Kot og taka hluta þeirrar deildar undir kaffistofu og undirbúnings- og fundaaðstöðu. Í stærra lengra samhengi hlutanna sjá Ægisborgarar fyrir sér að bensínstöðin víki og sú lóð verði nýtt undir nýjan leikskóla, en það er önnur saga.

Í starfsmannakönnun kemur fram að einn starfsmaður upplifir einelti vegna útilokunar og einn áreitni á vinnustaðnum. Tveir hafa orðið varir við fordóma gagnvart hinsegin fólki. Stjórnendum þykir það ólíðandi og þarf að ráða bót á því sem fyrst. Enda hefur, þegar þetta er ritað, verið fjallað um málið á starfsmannafundi og vísað á leiðir til úrvinnslu slíkra mála.

Umbótaáætlun vegna niðurstaðna starfsmannakönnunar

Umbótaþáttur eða matsþáttur	Umbóta-tækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinnuaðstaða	Starfsmanna aðstaða bætt.	Hluti Kots tekinn undir kaffistofu og undirbúnings-herbergi	Stjórnendur	Janúar 2021	Ágúst 2021	Gert/Ógert	Að ný starfsmanna-aðstaða verði að veruleika.
Einelti eða áreiti	Kynna skilgreiningar á einelti og áreiti fyrir starfsmannahópnum.	Starfsfólki verði kynnt leiðir sem það getur farið upplifi það einelti eða áreiti. KVAN - fræðsla	Stjórnendur	Júní 2020	Júní 2021	Starfsmanna-könnun 2021	Að enginn upplifi einelti eða áreiti í Ægisborg.
Fordómar	Fræðsla um viðhorf/samskipti/fordóma.	KVAN sér um fræðslu fyrir starfsfólk. Starfsfólk endurmeti; <i>Einkenni góðra samskipta í Ægisborg og er í starfsmannahandbók (2010)</i>	Stjórnendur	Ágúst 2020	Júní 2021	Starfsmanna-könnun 2021. <i>Einkenni góðra samskipta í Ægisborg. Gerður sáttmáli sem fer í starfsmanna Handbók.</i>	Að enginn upplifi fordóma í Ægisborg.

3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl. Leikskólastjóri hitti alla starfsmenn og var rætt um líðan, stöðu og hvaðeina sem starfsmanni lá á hjarta.

Í endurmenntun starfsárið 2019-2020 átti hæst að bera námsferð Ægisborgara til Berlínar. Skemmst er frá því að segja að hætta þurfti við ferðina í apríl og var frestað til seinniparts ágústmanaðar. Nú er svo komið, þegar þetta er ritað, að enn þarf að fresta ferðinni, þar sem Ægisborgarar geta ekki dvalið heima í sóttkví eftir heimkomu. Verður ferðin farin í apríl 2021 ef allt gegnur upp. Í Berlín voru tvær leikskólaheimsóknir á dagskrá og menntafyrirtækið KVAN hafði skipulagt námskeið tengt menntastefnunni.

Skipulagsdagar voru vel nýttir til fræðslu. Í september var farið yfir ýmis hagnýt atriði í Ægisborg, en seinnipartinn var sameiginlegur fyrirlestur með Grandaborg og Gullborg. Jón Halldórsson frá menntafyrirtækinu KVAN kom og flutti hugvekjandi út frá sjálfsefningu í nýju menntastefnunni. Horfði hann einna helst á liðsheild og að vera þátttakandi í heild.

Á skipulagsdegi 6. nóvember kom Vanda Sigurgeirsdóttir frá KVAN og kenndi starfsfólki aðferð sína við að greina félagslega stöðu barna í hópnum. Markmiðið er að finna börnin sem kynnu að eiga í erfiðleikum með nám og starf vegna stöðu sinnar í hópnum. Kennarahópur Ægisborgar fékk í hendur kennsluverkfæri sem það nýtti sér í starfinu og þegar Vanda kom öðru sinni til hópsins á skipulagsdegi í janúarbyrjun, var hnykk á verklagi og rýnt í notkun deildanna á verkfærinu.

Skipulagsdagar eru mjög mikilvægir í starfi leikskólans því þá gefst öllum starfshópnum færi á að fá sömu fræðslu, heyra sömu skilaboðin og skiptast á athugasemdum. Fyrir þessa daga setur leikskólastjóri upp dagskrá og skilur eftir gott pláss fyrir umræður um málefni sem starfsfólk vill ræða. Hér að ofan er einungis brot af því sem til umfjöllunar hefur verið á skipulagsdögum í Ægisborg starfsárið 2019 – 2020. Það var því hoggið stórt skarð í símenntun Ægisborgara þegar ekki var hægt að fara til Berlínar og fresta þurfti skipulagsdegi sem vera átti 12. maí til 22. júní. Ekki var stætt á því að loka leikskólanum, svo skömmu eftir að skólastarf gat hafist og húsakynni Ægisborgar buðu heldur ekki upp á skipulagsdag með venjulegu sniði, þar sem ekki hefði verið unnt að viðhalda 2 metra reglunni.



Starfsfólk Ægisborgar í heimsókn í Mixtúru margmiðlunarver SFS

Tveir starfsmenn sóttu svonefnt Fagnámskeið 1 á vegum Eflingar og Mímis í nóvember og annar þeirra fór svo á Fagnámskeið 2 í júní. Starfsfólk sérkennslu sótti ýmsa fræðslu sem snýr að sérkennslunni.

Leikskólastjórnendur hafa tekið þátt í fræðsludagskrá borgarinnar og sviðsins fyrir stjórnendur og leikskólastjóri var mentor fyrir nýjan leikskólastjóra.

Aðstoðarleikskólastjóri hélt erindi þann 8. nóvember um bækur í leikskóla á málþinginu *Hugurinn ber mig hálfa leið*. Málþingið var á vegum Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur og SÍUNG, félagi barnabókahöfunda.

Varðandi starfsþróun og símenntun fyrir starfsárið 2020-2021 er helst horft til vinnu með menntastefnuna, en einnig þátttöku Ægisborgar í verkefninu *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*. Eins og að framan greinir er Ægisborg að ganga inn í verkefni með þremur öðrum leikskólum og HÍ sem hefur verið í gangi í eitt starfsár. Í stuttri áfangaskýrslu um verkefnið segir:

Markmiðið er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks leikskóla í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í nýrri menntastefnu Reykjavíkur um læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni og heilbrigði barna. Einnig að styrkja leikskólann sem lærdómssamfélag þar sem lítið er á börn sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Einnig er ætlunin að fá verkefnastjóra Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með fræðsluerindi um réttindi barna og Barnasáttmálann. Starfsmenn og kennarar hafa auk þess tækifæri til að óska eftir að taka þátt í fræðslu sem boðið verður upp á á vegum ýmissa aðila næsta starfsárs.

Námsferð Ægisborgar til Berlínar, sem fara átti í apríl síðastliðnum, var frestað fyrst til ágúst og síðar til apríl 2021. Sú ferð verður stór liður í símenntun næsta starfsárs.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsáætlun Ægisborgar og Grandaskóla 2020-2021 byggir á grunni sem mótaðist í þróunarsamstarfi sem nefndist *Læsi í leiðinni* og var unnið með skólanum og Grandaborg og Gullborg. Markmið verkefnisins er að börnum veitist auðvelt og eðlilegt að byrja í grunnskóla og þeim líði vel í því ferli. Hugsunin er einnig að börnin upplifi eðlilega framvindu í námi sínu við að flytjast um skólastig og að þar sé fleira líkt en ólíkt. Ekki liggja fyrir dagsetningar á heimsóknum næsta vetur, en fulltrúar skólanna hittast í ágúst og bræða með sér samstarf vetrar. Hefð er orðin á nokkrum samstarfsliðum.

- Í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Ægisborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í desember.
- Í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskólanum og komið við á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.



Samstarfsleikskólarnir og Grandaskóli þurfa að koma sér saman um hvaða upplýsingar flytjast milli skólanna og með hvaða hætti. Sá liður verður því umbótaþáttur fyrir næsta vetur.

Skólastjórnendur Ægisborgar, Gullborgar og Grandaborgar hafa sammælt um að skapa vettvang lærdóms í þeim skólum og er það einn liður í menntastefnuvinnu skólanna. Kennarar skólanna hittast og segja frá starfi sínu með það í huga að veita leikskólafólki hinna leikskólanna hlutdeild í þekkingu sinni og reynslu um leið og leikskólarnir tengjast betur innbyrðis. Undanfarin ár hefur samstarf framangreindra leikskóla undið upp á sig en síðasta vetur hittust elstu börn leikskólanna og léku saman.



Íþróttadagarnir í júní er árlegur viðburður í Ægisborg

5 Foreldrasamvinna

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti aðila byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Auglýst var eftir fulltrúum í ráðið og gáfu 4 kost á sér og skipa þeir aðilar foreldraráð Ægisborgar. Ráðið er ráðgefandi um starfsáætlun og sumarlögun. Sumarfríið var ákveðið með þeim hætti að stjórnendur Ægisborgar stungu upp á lokunartíma á fundi með foreldraráði og það lagði blessun sína yfir. Ráðið fundaði tvisvar með stjórnendum liðið starfsár, en þess á milli fóru samskipti fram með tölvupóstum. Liðsinni ráðsins var dýrmætt, en það hefur einnig komið að framkvæmdum á lóð Ægisborgar sem fyrirhugað er að ljúka haustið 2020. Foreldraráð 2019-2020 skipuðu: Iðunn Vignisdóttir, Lára Hannesdóttir, Þorvaldur H. Gröndal og Örn Úlfar Sævarsson. Nýtt ráð verður skipað að hausti.

Sumarið 2019 var fyrsta sumarið sem börnum Ægisborgar stóð til boða að vera í öðrum leikskóla á sumarlokunartíma, ef lokunartími Ægisborgar hentaði ekki fjölskyldunni sem leyfisdagar. Eitt barn úr Ægisborg dvaldi þá í Gullborg, en sumarið 2020 fer enginn Ægisborgari í Drafnarstein til sumardvalar.

Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna sem er að venju í upphafi júní dróst á langinn vegna Covid en er dagsettur 1. júlí 2020.

Foreldrar hafa alltaf verið auðfúsugestir í Ægisborg og nokkrir viðburðir sérstaklega þeim ætlaðir, til þess að styrkja tengsl heimilis og skóla. *Foreldravikan* var í upphafi janúar, en þá eru foreldrar hvattir til að koma í Ægisborg og taka þátt í leik barnsins um styttri eða lengri tíma. Tíminn verður að leiða í ljós hvort af þeirri viku verður í janúar 2021. Enginn veit hver sóttvarnarviðmiðin verða þá. Viðburðir sem féllu niður eða voru skipulagðir með takmarkaðri þátttöku foreldra eða án gesta, vegna verkfalla og sóttvarnar, voru meðal annars konukaffi, vöfflukaffi, KR-sýning, útskrift elstu barna.

Foreldrar eru hvattir til að rétta leikskólalífínu hjálparhönd og auðga það og bæta eftir því sem þeir geta og langar til. Vonandi skapast aðstæður til þess að það verði aftur eðlilegt og sjálfsgætt. Dagbók og póstkassi er lifandi vettvangur upplýsinga sem tengja fjölskyldur og leikskóla sterkari böndum.

Formleg foreldraviðtöl eru tvö á ári; annað á haustmánuðum og hitt í mars. Þess utan geta foreldrar og deildarstjórar boðað til funda um málefni barna.

Á aðalfundi foreldrafélagsins haustið 2019 voru kosnir í stjórn: Arna Katrín Hauksdóttir, Marta Guðrún Blöndal, Ragnar Heiðar Þrastarsson og Þórunn María Bjarkadóttir. Foreldrafélagið hélt jólaball en sveitaferð og vorhátíð rúmuðust ekki innan sóttvarnarreglna. Í stað vorhátíðar er stefnan sett á haustfagnað þegar verklok eru í garði Ægisborgar.



Foreldrar geta aðeins látið sig dreyma um vöfflukaffi, en í ár fengu börnin ein góðgætið. Mynd frá í fyrra.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar starfsárið 2020-2021 verða í Ægisborg dagana 24. ágúst, 2. október, 11. nóvember, 23 apríl, 26. apríl og 10. maí.

7 Fylgigögn

Leikskóladagatal Ægisborgar 2020-21

7.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Ægisborg

Auður Ævarsdóttir

13.07 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Umsögn foreldraráðs

Veturinn á Ægisborg gekk vel, starfsfólk leysti vel úr þeim erfiðu verkefnum sem árið 2020 færði okkur til dæmis í formi verkfalla og veiru. Starfsfólk Ægisborgar er samstillt og metnaðarfullt og ber starfsáætlun fyrir komandi skólaár þess vel vitni. Hún er afar vel unnin, greinargóð, áhugaverð, mjög metnaðarfull og bráðskemmtileg aflestrar. Foreldraráðið er stolt af starfsfólki Ægisborgar sem hafa annað árið í röð fengið þróunarstyrk frá Reykjavíkurborg til að efla starf skólans enn fremur með áherslu á menntastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig er Ægisborg að ganga inn í spennandi verkefni í samstarfi við Háskóla Íslands, RannUng (Rannsóknarstofu ungra barna) og þrjá aðra leikskóla. Þegar svo mikill metnaður er lagður í starfið er leitt að lesa það að enn á ný er það vinnuaðstaðan sem er lakasti þátturinn í starfsmannakönnun Ægisborgar og ljóst að mjög brýnt er að bætt verði úr vinnuaðstöðu og allri aðstöðu fyrir starfsfólk í Ægisborg sem allra fyrst. Í starfsáætlun Ægisborgar er að finna góðar hugmyndir að úrbótum og vonumst við í foreldraráði til þess að vel verði tekið í þær hjá þeim er fjárveitingavald hafa.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Iðunn Vignisdóttir
Lára Hannesdóttir
Þorvaldur Gröndal
Örn Úlfar Sævarsson





Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla:

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S		2 M	2 F Skipulagsdagur	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M	Frídagur verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M Foreldarviðtöl Öldud	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Foreldravika	4 F	4 F Foreldarviðtöl Öldud	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ Foreldravika Þrettándinn/Afmæli /Egisborgar	5 F Dagur stærðfræðinn	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M Kynningarfundur Kot	7 L	7 M	7 F Foreldravika	7 S	7 S	7 M	7 F KR sýning	7 M	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F Kynningarfundur Fjö	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F Foreldravika	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F	9 M	9 M Aðventukaffi	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M		10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M Foreldraviðtöl Bárud	10 L	10 M Skipulagsdagur	10 F	10 L
11 Þ		11 F	11 S	11 M Skipulagsdagur	11 F	11 M	11 F	11 F Foresdraviðtös Bárud	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L Stekkjastaur kom í n	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur ísl. náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tun	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F Vöflukaffi	16 S	16 M Vatnsdagar	16 F
17 M		17 F Kynningarfundur Öld	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M Foreldraviðtöl Koti	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F	18 S	18 M	18 F Litlu jól	18 M	18 F	18 F Foreldraviðtöl Koti	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F Úskrift elstu barna	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Barnamenningarhátíð	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur/kaffi	22 M Konudagskaffi	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Hvítasunnudagur	23 M Íþróttahátíð hefst	23 F
24 M Skipulagsdagur	24 F Kynningarfundur Bárudeild	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 M Foreldraviðtöl Fjöru	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F Hreyfidagar	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 F Foreldraviðtöl Fjöru	25 S	25 Þ	25 F Hreyfidagar	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 F	26 M Skipulagsdagur/nán	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ Bangsadagur	27 F Vasaljósadagur	27 S	27 M	27 L	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 S Pálmásunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F			29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		